

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, Búðarstígur 4.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1997-2017, frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að lóð við Búðarstíg 4 breytist úr svæði fyrir opinberar stofnanir í svæði með blandaðri landnotkun (verslun- og þjónusta og íbúðarsvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.